

# SKÓLASTEFNA BLÁSKÓGABYGGÐAR



Starf leik- og grunnskóla Bláskógabyggðar einkennist af jafnrétti allra nemenda. Hverjum einstaklingi á að skapa námsskilyrði þannig að hann geti á eigin forsendum þroskast og dafnað. Markmið hvors skólástigs er að útskrifa sjálfstæða, lífsglaða einstaklinga reiðubúna til frekara náms.

Skólinn er undirbúningur fyrir framtíðina, því er lögð áhersla á að efla og styrkja sjálfsþekkingu nemenda á þann hátt að þeir þroski með sér frumkvæði og sköpunarkraft þannig að þeir geti í framtíðinni tekist á við margbreytilegar aðstæður í daglegu lífi.

Nemendur, starfsfólk og foreldrar eru ein liðsheild. Því er mikilvægt að í daglegu starfi einkennist samskipti þessara einstaklinga af virðingu fyrir hverjum og einum, jákvæðni og miklum metnaði til að ná sem bestum árangri.

# NÁM OG KENNSLA

Hlutverk skólanna er að stuðla að þroska, velferð og menntun hvers og eins. Leitast er við að efla nemendur í gagnrýninni hugsun og hæfni til að leysa verkefni, bæði sjálfstætt og í samvinnu við aðra með jákvæðu viðhorfi.

Skólar í Bláskógabyggð:

- Stuðla að einstaklingsmiðuðu námi og að einstaklingsnámskrá sé lögð til grundvallar.
- Stuðla að fjölbreyttum, skapandi og hvetjandi verkefnum.
- Leggja metnað sinn í fjölbreytt og lýsandi námsmat.
- Stuðla að markvissri samfellu og tengslum á milli allra skólastiga.

# NEMENDUR

Nemendur skulu búa við námsumhverfi sem mótast af lýðræði, virðingu, samhug og gleði.

- Skólarnir leggja áherslu á markvissa samvinnu milli nemenda óháð aldri.
- Áhersla er lögð á að efla siðferðisvitund nemenda, færni í ákvarðanatöku og sjálfstæði í hugsun.
- Leitast er við að efla seiglu og trú á eigin getu.

# STARFSFÓLK

Leitast er við að starfsfólk skólanna hafi tilskilda menntun, metnað og áhuga.

Bláskógabyggð leggur áherslu á:

- Að starfsmenn skólanna sinni þróunarstarfi og nýjungum á virkan og markvissan hátt.
- Að starfsmenn beri virðingu fyrir og eigi jákvæð, markviss og góð samskipti við heimilin.
- Að gagnkvæm virðing, jákvæðni og kurteisi einkenni samskipti.
- Að stjórnendur séu virkir og leiðandi en um leið tilbúnir til að dreifa ábyrgð og efla samstarf.

# HEIMILIN

Bláskógabyggð leggur ríka áherslu á öflugt samstarf milli heimila og skóla. Samstarf byggt á trúnaði, gagnkvæmri virðingu og trausti. Samvinna og samráð milli heimila og skóla er forsenda farsæls skólastarfs, jafnframt því sem virk þátttaka foreldra í námi barna sinna hefur tvímælalaust áhrif á námsárangur og þroska.

- Nám er samstarfsverkefni heimila og skóla
- Skólarnir eiga ávallt að standa foreldrum opnir og skulu veita greinargóðar upplýsingar um nám og starf.
- Foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt í skólastarfinu.
- Heimasíða grunn- og leikskóla skal vera virk og notendavæn.

# GRENNDARSAMFÉLAGIÐ

Lögð er áhersla á grenndarkynningar og að umhverfi skólanna sé nýtt til að auka fjölbreytni kennsluhátta.

- Nemendur skulu fræddir um umhverfi sitt, náttúruvernd og sjálfbærni.
- Skólarnir skulu miðla til samfélagsins á sem aðgengilegastan hátt upplýsingum um það sem er að gerast í skólanum hverju sinni.
- Skólarnir skulu stefna að því að sem mest af aðföngum þeirra komi úr grenndarsamfélaginu.
- Stuðla að góðu samstarfi við skóla í nágrannasveitarfélögum.
- Skólarnir skulu skapa tækifæri fyrir nemendur til að taka þátt í skipulögðu félags- og tómstundastarfi.

# AÐBÚNAÐUR

Bláskógabyggð vill leggja sig fram um að reka góða skóla sem uppfylla kröfur og taka mið af þörfum nemenda og starfsfólks.

Þetta skal m.a. sjást í:

- Fjölbreyttu námsumhverfi í öllum þáttum starfsins, s.s. varðandi húsnæði, húsbúnað og tæki sem jafnan standast kröfur tímans og uppfylla um leið öll öryggisskilyrði.
- Verkum nemenda sem skulu vera sýnileg og gert hátt undir höfði.
- Jákvæðum og mannbætandi staðblæ.
- Fjölbreyttum, góðum og öruggum skólalóðum sem hvetja til útiveru og hreyfingar.
- Vel skipulögðum skólaakstri sem hefur öryggi og velferð barnanna að leiðarljósi.
- Fjölbreyttum, sveigjanlegum og samfelldum vinnudegi.



# HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG OG FORVARNIR

Lögð er áhersla á að efla og viðhalda heilbrigði nemenda og starfsfólks með forvarnarstarfi og ábyrgðarfullri hugsun. Mikilvægt er í þessu sambandi að skólarnir leggi áherslu á hreyfingu, útivist og útikennslu.

Þetta skal m.a. sjást í:

- Áherslu á líkamlega og andlega vellíðan til að efla félagsfærni, sjálfsmynd og ábyrgð nemenda á eigin störfum.
- Hollum og næringarríkum mat á skólatíma.
- Samstarfi við HSU og Vinnuvernd hvað varðar heilbrigða lifnaðarhætti nemenda og starfsfólks skólanna.
- Hvers konar forvarnarstarfi sem unnið er í samráði við félagsmálayfirvöld, heilsugæslu og lögreglu.
- Hvatningu til líkamlegs- og andlegs heilbrigðis starfsfólks.

# FJÖLMENNING

Lögð er áhersla á að allir upplifi sig velkomna og skynji sig sem hluta af skólasamfélaginu.

- Sýnd er virðing fyrir heimamenningu allra barna og starfsfólks.
- Stuðlað er að notkun móðurmáls barna.
- Börn af erlendum uppruna fá aukinn stuðning í íslensku.
- Viðleitni eru til staðar til að stuðla að þátttöku foreldra barna af erlendum uppruna í skólastarfinu og upplýsa þau um stöðu barnsins.

Þessi skólastefna var endurunnin af  
skólanefnd Bláskógabyggðar og  
samþykkt af sveitarstjórn í júní 2018